

L Ö G

um lagningu sjálfvirks síma.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Póst- og símamálastjóri skal láta gera sérstaka 5 ára áætlun um lagningu sjálfvirks símakerfis til sem flestra símnotenda og skal þeim framkvæmdum raðað í forgangs röð, sbr. 9. gr. laga nr. 36/1977.

Í áætluninni um lagningu sjálfvirks síma skal að því stefnt að símnotendur eigi kost á sjálfvirkum síma innan 5 ára frá 1. janúar 1982.

2. gr.

Tæki og búnaður til lagningar og uppsetningar sjálfvirks símasambands, samkvæmt áætlun þeirri sem gerð verður, sbr. 1. gr., skulu undanþegin aðflutningsgjöldum og söluskatti við innflutning.

Fjármálaráðherra kveður nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis.

3. gr.

Póst- og símamálastofnun er heimilt að taka lán, allt að 20 millj. kr. árlega í 5 ár, til fjármögnunar framkvæmda skv. 1. gr.

Lántökuheimild þessi skal breytast í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og halda gildi sínu þar til framkvæmdum skv. 1. gr. er lokið.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 35/1960, um lögheimili.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. málsg. 2. gr. laga nr. 35/1960, um lögheimili, orðist svo:

Það telst eigi heimili þótt maður dveljist í skóla, vinnuhæli eða fangelsi. Sama gildir um dvöl á sjúkrahúsi, heilsuhæli, elliheimili, dvalarheimilum fyrir aldraða og